



Landbúnaðarnefnd
Drifa Hjartardóttir formaður
Austurstræti 8-10
150 – Reykjavík.

Reykjavík, 18. apríl 2006

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um vatnafiska, 595. mál, þingskjal 879.

Landssamband fiskeldisstöðva (Lf) styður að lög nr. 76 frá 1970 verði felld úr gildi. Frumvarpið til laga um vatnafiska sem hér óskað er umsagnar byggir á greinum úr lögnum nr. 76 frá 1970. Í frumvarpinu er ýmislegt sem orkar tvímælis og gerir Lf athugasemdir við ýmsar greinar þess.

Í frumvarpinu er að finna mjög ítarleg ákvæði um rekstrarleyfi, umsóknir um þau og alls kyns ákvæði sem uppfylla þarf til að leyfi verði veitt. Þá er í gildi lög um mat á umhverfisáhrifum sem fiskeldi fellur undir, en samkvæmt þeim lögum, á að skila inn alls kyns gögnum og gera athuganir um hugsanleg umverfisáhrif starfseminnar. Þau lög voru sett til að tryggja það, að fyrir öllu verði séð sem upp getur komið. Með þessu frumvarpi sem nú liggur fyrir er umhverfismat fiskeldisstöðva nánast gert marklaust, þar sem unnt er að krefjast viðbótarrannsókna, gera viðbótarskilyrði o.s.frv. með vísan til vistfræðiáhrifa - hugtaks sem ekki er útskýrt nánar í frumvarpinu.

Miklar væntingar hafa verið bundnar við eldi vatnafiska hér á landi. Nokkur sjávarútvegsfyrirtæki og fiskeldisfyrirtæki hafa gert tilraunir með fiskeldi um langt árabil og lagt út í umtalsverðan kostnað til að ná árangri í eldinu. Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum er næsta víst, að heftandi lagagreinar þess muni hafa neikvæð áhrif á stöðu greinarinnar og skapa óvissu um útgáfu nýrra leyfa.

Lf gerir eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinarnar hér að neðan:

6. gr. Staðbundið bann við starfssemi. 2. mgr.

Við ákvörðun ráðherra.....hlífa þeim við fisksjúkdómum.....öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 taka á þessum þáttum ef við á. Að mati Lf er greinin óþörf enda verði tekið á þessum þáttum með áðurnefndum lögum.

7. gr. Rekstrarleyfi til fiskeldis. 2. mgr.

Einnig skal stofnuninVeiðimálastofnunarneikvæðum vistfræðiáhrifum

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 taka á þessum þáttum ef við á. Að mati Lf er greinin óþörf enda verði tekið á þessum þáttum með áðurnefndum lögum.

9. gr. Málsmeðferð umsóknar.

Gerðar eru athugasemdir við allar mgr. 9. greinarinnar þar sem fyrir koma orðin sjúkdómar, fisksjúkdómar eða vistfræði.

Í 7. gr., samkvæmt frumvarpinu, er aflað umsagnar fisksjúkdómanefndar og ætti sú umsögn að duga. Hugtakið „neikvæð vistfræðileg áhrif“ eru ekki skilgreind í frumvarpinu en fiskeldisfyrirtæki sem og önnur fyrirtæki yfir ákveðni stærð falla undir þau lög.

Í 3. mgr. er heimild fyrir Landbúnaðarstofnun að krefjast ýmissa rannsókna á kostnað umsækjanda umfram kröfur í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Því er mótmælt.

Greinin er verulega íþyngjandi og heftandi fyrir fiskeldisfyrirtæki umfram ýtarlegar kröfur í 8. gr. og er auk þess, verulega hagsmunatengd veiðiréttarhöfum. Því er mótmælt.

Verði greinin að lögum er óljóst hvort ný eldistækifæri verði nýtt.

10. gr. Efni og útgáfa rekstrarleyfis. 1. mgr. og 3. mgr.

„Ef vistfræðileg rök“ mæla með Visað er til athugasemdar við 9. gr. hér að ofan. Í 3. mgr. er heimild ráðherra, m.a. til að skylda leyfishafa til að standa að vöktun á nærliggjandi veiðivötnum. Því er mótmælt með sömu röksemd og í umsögn við 9. gr.

13. gr. Veiðar fisks sem sleppur. 2. mgr.

... valdi „vistfræðilegu tjóni“. Skilgreiningu vantar á hugtakinu í frumvarpinu.

14. gr. Eftirlit og skýrslugjöf. 5. mgr.

Fyrir eftirlit Landbúnaðarstofnunar eðaárlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

Að mati Lf þarf að skilgreina ítarlega, við hvaða kostnað skal miða, við innheimtu eftirlitsgjalds.

21. gr. Eldisbúnaður. 1. mgr.


Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill.

Greinin stangast á við 8. gr. frumvarps til laga um fisksjúkdóma en í henni er greint frá skyldu um að sótthreinsa búnað sem notaður hefur verið erlendis.

LF leggur til að 21. grein verði samhljóða 8. gr. frumvarps til laga um fisksjúkdóma.

Fyrir hönd Landssambands fiskeldisstöðva.

Virðingarfyllst,



Guðbergur Rúnarsson